

# STARFSLEYFI

*Framleiðsla á laxa- og regnbogasilungsseiðum*

## **Arctic Smolt hf.**

Lögheimili: Aðalstræti 20, 400 Ísafjörður

Starfsstöð: Norður-Botni, 460 Tálknafirði

**Kt.: 600212-2570**

## **1. ALMENN ÁKVÆÐI**

### **1.1 Rekstraraðili**

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Arctic Smolt hf. kt. 600212-2570, til reksturs fiskeldisstöðvar að Norður-Botni, Tálknafirði. Arctic Smolt hf. er hér eftir nefndur rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum.

Rekstraraðili getur falið verktaka með öll tilskilin opinber leyfi að annast verk fyrir sig. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé framfylgt. Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og frágangur og starfsemi skal vera í samræmi við gildandi deiliskipulag.

### **1.2 Umfang starfseminnar**

Rekstraraðila er heimilt að framleiða í stöðinni árlega allt að 1.000 tonn af laxa- og regnbogasilungaseiðum (að hámarki 1.000 tonn af lífmassa á hverjum tíma).

### **1.3 Eftirlit**

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við ákvæði X. kafla reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Eftirlit felst m.a. í reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda, fyrirspurna og yfirferð og mati á gögnum sem rekstraraðila ber að skila. Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, vegna kvartana eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsókna við eftirlit skal byggt á grundvelli eftirlitsáætlana sbr. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018, þar með talið viðmiðunum um möguleg og raunveruleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið, skrá yfir hvernig starfsleyfisskilyrðum er fylgt og þátttöku í vottuðu umhverfisstjórnarkerfi.

### **1.4 Breytingar á rekstri**

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á atvinnurekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 13. greinar reglugerðar nr. 550/2018. Á grundvelli þeirra metur útgefandi hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi sbr. 2. mgr. 18. greinar reglugerðarinnar.

## 1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar (lokun)

Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal vera til staðar og fjalla skal þar annars vegar um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætlun skal gera grein fyrir hvernig gengið skuli frá fiski, úrgangi, efnaafgöngum, húsnæði, tækjum og rekstrarsvæði. Í áætluninni skal alltaf gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif og skal tryggja að ekki sé skilið eftir hráefni. Einnig skal vera ákvæði um næstu endurskoðun hennar. Rekstrarstöðvun skal tilkynnt eftirlitsaðila með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara eða þegar ákvörðun liggur fyrir hvort sem um er að ræða tímabundna eða varanlega rekstrarstöðvun. Við lok rekstrar skal rekstraraðili tilkynna eftirlitsaðila um aðgerðir sínar samkvæmt áætluninni innan þriggja mánaða frá því að þeim lýkur.

Ávallt skal tilkynna eftirlitsaðila áður en eldið hefst aftur hafi starfsemin legið niðri um lengri eða skemmri tíma.

## 1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. grein laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Einnig er skylt að endurskoða starfsleyfið ef forsendur rekstrarins breytast með eftirfarandi hætti, sbr. 14. grein reglugerðar nr. 550/2018:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskyld er sbr. gr. 1.4.
- Þegar mengun af völdum stöðvar er slík að nauðsynlegt reynist að endurskoða gildandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem tilgreind eru í starfsleyfi eða láta ný viðmiðunarmörk koma fram í leyfinu,
- Þegar nota þarf aðra tækni vegna rekstraröryggis,
- Þegar nauðsynlegt er að fara að nýjum eða endurskoðuðum umhverfisgæðastöðlum í samræmi við 11. gr. reglugerðar 550/2018
- Ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni (BAT) skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.
- Ef vöktun leiðir í ljós að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir umrætt vatnshlot á grundvelli laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, nást ekki. Endurskoðun skal tryggja að umhverfismarkmiðum verði náð.

Við endurskoðun starfsleyfis skal tekið tillit til þess að kröfur í starfsleyfum fyrir fiskeldi, þ.m.t. kröfur vegna frárennslismála, séu samræmdar eins og aðstæður gefa tilefni til og jafnræðis gætt. Ef nauðsynlegt reynist að mati stofnunarinnar getur útgefandi krafist endurskoðunar starfsleyfisins.

Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

## 1.7 Valdsvið og þvingunarúrræði

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja fram úrbætur.

Eftirlitsaðila er þannig m.a. heimilt að veita tilhlýðilega fresti til úrbóta og veita áminningu sbr. 1. og 2. tl. 1. mgr. 60. gr. laganna.

Sinni rekstraraðili ekki fyrir mælum um úrbætur innan tiltekins frests er eftirlitsaðila heimilt sbr. 1. mgr. 61. gr. laganna að ákveða rekstraraðila dagsektir eða að láta vinna verk á kostnað rekstraraðila.

Jafnframt er eftirlitsaðila heimilt sbr. 3. tl. 1. mgr. 60. gr. laganna, ef um alvarleg tilvik eða ítrekuð brot er að ræða, eða ef rekstraraðili virðir ekki fyrir mæli um úrbætur innan tiltekins frests, að stöðva eða takmarka starfsemi rekstraraðila, eða að afturkalla starfsleyfið.

Telji Umhverfisstofnun að um alvarlega hættu sé að ræða og aðgerð þoli enga bið, er stofnuninni heimilt að stöðva rekstur til bráðabirgða þegar í stað og tilkynna það heilbrigðisnefnd sbr. 63. gr. laganna.

## 1.8 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn og upplýsingum um mengunareftirlit í samræmi við ákvæði IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018.

Umhverfisstofnun birtir niðurstöður skv. greinum 1.3 og 1.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.

## 1.9 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

# 2. STARFSHÆTTIR

## 2.1 Starfshættir

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum við rekstur stöðvarinnar. Í því felast aðgerðir til að draga úr umhverfisáhrifum eldisins, m.a. með góðum starfsaðferðum við fóðrun og notkun efna og lyfja, með því að tryggja gott heilbrigðisástand eldisstofnsins, svo og að draga úr losun efna út í umhverfið. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Skulu umhverfismarkmiðin liggja fyrir eigi síðar en 1. maí 2019 og endurskoðuð á 4 ára fresti.

## 2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum fyrirtækisins og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.

## 2.3 Verkstjórn og takmörkun aðgangs

Starfsmenn skulu vera þjálfaðir til að bregðast við mengunaróhöppum og hafa viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað sem gerir þá hæfa til vinnu í stöðinni. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hættu á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn.

Rekstraraðili skal halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

## 2.4 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).

## 2.5 Áhættumat og viðbragðsáætlun

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.B í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila.

## 2.6 Neyðaráætlun

Neyðaráætlun skal vera tiltæk ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun eldisfisksins þann tíma sem eldisstöðin er ekki í rekstri og skal endurskoðuð reglulega.

## 2.7 Viðbrögð við mengunaróhöppum

Verði óhapp sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.5. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað. Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Jafnframt skal viðkomandi heilbrigðisnefnd upplýst um óhappið. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hætta er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærileg atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

## 2.8 Tilkynningar vegna mengunaróhappa

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við neyðarlínuna 112. Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Jafnframt skal Heilbrigðisnefnd upplýst um óhappið. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hætta er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið. Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

## 2.9 Trygging vegna bráðamengunar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, allt að 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004.

## 2.10 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

Ákvörðun um að draga úr tíðni mælinga skal þó ekki tekin nema eitthvert eftirfarandi skilyrði sé fyrir hendi:

- Mælingar hafi sýnt með sannfærandi hætti að mengunarpáttur er óverulegur.
- Mælingum hafi áður verið fjölgað umfram þær sem starfsleyfið tilgreinir.
- Sýnt hafi verið fram á að nota megi aðrar aðferðir en mælingar við að meta mengunina.

## 3. VARNIR GEGN MENGUN YRTRA UMHVERFIS

### 3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulag. Rekstraraðili skal nota bestu aðgengilegu tækni (BAT) sem skilgreind hefur verið við mengunarvarnir og nýta vel orku og vatn. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið (sambættar mengunarvarnir).

Besta aðgengilega tækni hefur verið skilgreind í „Bat for fiskeopdræt i Norden“, ©Nordisk Ministerråd, TemaNord 2013:529.

Verði breytingar á bestu aðgengilegu tækni skulu þær taka gildi og innleiddar samkvæmt ákvæðum í gr. 1.6.

### Fóðurgjöf

### 3.2 Fóðurgjöf og val á fóðri

Fóðurgjöf og vali á fóðri skal stýrt þannig að myndun úrgangs sé í lágmarki, t.d. með fóðrunarkerfi sem tekur tillit til vaxtarlíkana.

### Vatnsgæði og lífríki

### 3.3 Eldisvatn

Nýting á vatni skal vera eins góð og kostur er. Aðföng og orku skal nýta á sem bestan hátt ásamt því að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif eldisins. Sjá gr. 3.1.

### 3.4 Efnalosun

Losun fosfórs í frárennslis má ekki fara yfir 9,0 kg/tonn af framleiddum fiski. Rekstraraðila er ekki heimil önnur losun á þeim efnum sem talin eru upp í listum I og II í viðauka reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns.

### 3.5 Losun og frágangur við útrás frárennslis

Um losun og frágang við útrás frárennslis gildir reglugerð nr. 798/1999. Mannvirki við útrás frárennslis skal tryggilega frágengið þannig að það sé viðunandi rennslis í því og það renni greiðlega til sjávar. Viðunandi rennslis einkennist af því að ekki myndist pollar eða að sjá megi uppsöfnun næringarefna nærri útrásinni. Umhverfisstofnun getur skilgreint nánar hvort rennslis sé viðunandi.

Rekstraraðili skal tryggja viðunandi hreinsun frárennslisvatns með settjörn og tromlusíu eða öðrum sambærilegum eða betri búnaði sem hreinsar frárennslisvatnið. Rekstraraðili skal sýna fram á og tryggja virkni

hreinsibúnaðarins. Settgjörn skal hreinsuð á að minnsta kosti 3. ára fresti og fari fram fyrir 15.maí. Fyrsta hreinsun skal fara fram fyrir 15.maí 2020.

Verði vart við uppsöfnun mengunarefna við útrásina getur Umhverfisstofnun sett rekstraraðila frest til að framkvæma einhverja eftirfarandi aðgerða eða fleiri aðgerðir í einu:

- Frágangur útrásar sé bættur.
- Rekstraraðila verði gert að finna aðra varanlega lausn á málinu.

Í alvarlegri tilvikum getur Umhverfisstofnun beitt ákvæðum greinar 1.7.

Við útrásir þar sem fráveituvatni er veitt í viðtaka má ekki vera:

- Set eða útfellingar.
- Þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir).
- Olfa eða froða.
- Sorp eða aðrir aðskotahlutir.
- Efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi.

### 3.6 Lífríki og flokkun vatns

Fiskeldi má ekki valda fækkun tegunda í lífríki, sbr. þó gr. 3.8. Rekstraraðila ber að sjá til þess að vatnsgæðum í viðtaka hraki ekki vegna fiskeldis.

Útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða það, sbr. grein 1.6, ef ástand vatns fer hrakandi vegna rekstrarins og hætta er á að það falli niður um flokk eða hafi fallið niður um flokk samkvæmt 9. og 10. grein reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns.

### 3.7 Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu

Rekstraraðili skal uppfylla kröfur í reglugerð nr. 798/1999. Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu skal vera aðskilið frá fráveitu eldisins.

### 3.8 Meindýravarnir

Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að útrás stöðvarinnar. Ávallt skulu þó slíkar ráðstafanir vera í samræmi við lög um veiðar og dýravernd.

## Úrgangur

### 3.9 Dauður fiskur

Rekstraraðili skal hafa útbúnað sem fangar dauðan fisk úr stöðinni og úr frárennslisvatni áður en það fer í frárennsli. Um meðhöndlun fisksins gilda ákvæði greinar 3.10.

### 3.10 Meðhöndlun úrgangs og spilliefna

Ekki er heimilt að farga neins konar úrgangi um niðurföll. Draga skal skipulega úr myndun úrgangs. Ef endurnotkunar-og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi í slíka vinnslu ef kostur er. Að öðrum kosti skal lífníðurbrjótanlegur úrgangur fluttur til viðurkenndrar eyðingar eða urðunar. Ganga skal frá honum í þétt lokuð ílát eða gáma sem losaðir eru eftir þörfum. Þrifa skal ílátin/gámana eftir notkun. Spilliefnum og lyfjaafgöngum skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

### 3.11 Umgengni um mengandi efni

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hættá á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Fylgja skal ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

#### Annað

### 3.12 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögun nr. 61/2013 og reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð.

Sé þess kostur skal skipta út efnum eða efnablöndum sem eru talin geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er.

## 4. INNRA EFTIRLIT REKSTRARAÐILA

### 4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er:

- framleiðslumagn og afföll,
- fóðurnotkun, fóðurnýtingu og fóðurgerð,
- magn og gerð hreinsiefna, sótthreinsiefna og lyfja sem notuð eru í stöðinni,
- kvartanir vegna starfseminnar,
- bilanir og óhöpp sem valdið gætu mengun,
- allan úrgang sem verður til í framleiðslunni og meðhöndlun hans,
- þjálfun og reynslu starfsfólks sbr. gr. 2.3.,
- staðsetningu og framleiðslumagn á hverjum stað,
- teikningar af frárennsli,
- niðurstöður mælinga,
- losun næringarefna,
- tæmingu olíugildra,
- hreinsun á mengunarvarnabúnaði,
- lyfjagjöf.

### 4.2 Búnaður til sýnatöku

Aðstaða skal vera til sýnatöku í frárennsli áður en því er veitt til sjávar. Umhverfisstofnun getur sett nánari skilyrði um hvernig staðið er að sýnatöku og hvaða aðila sé falið að taka sýni.

### 4.3 Sýnataka og mælingar úr viðtaka, frárennsli og seyru

Taka skal sýni og mæla svifagnir og lífrænt efni (TOC, COD eða BOD<sub>5</sub>) í frárennsli. Fyrsta mælingin skal fara fram fyrir 1. maí 2019, næstu mælingu skal lokið fyrir árslok 2019 og síðan skal gera mælingar á a.m.k.

þriggja ára fresti. Fylgjast skal með losun næringarefna, þ.e. fosfórs og köfnunarefnis með því að reikna hana út frá innihaldi fódurs og upptöku næringarefna í eldinu. Umhverfisstofnun getur einnig farið fram á mælingar á heildarfosfór og heildarköfnunarefni.

#### 4.4 Skýrslur til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 4. og 5. kafla. Þá skulu koma fram þær upplýsingar sem liggja fyrir um flokkun vatns, sbr. ákvæði greinar 3.6.

#### 4.5 Grænt bókhald og útstreymisbókhald

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002, um grænt bókhald. Rekstraraðili skal færa útstreymisbókhald í samræmi við reglugerð nr. 990/2008, um útstreymisbókhald. Skila skal niðurstöðum árlega í samræmi við ákvæði viðeigandi reglugerða, en heimilt er að sameina skilin ársyfirliti sbr. gr. 4.4. Skilafrestir framlengjast þó ekki við það.

## 5. Umhverfisvöktun

### 5.1 Vöktunarmælingar

Rekstraraðili skal vakta helstu umhverfisþætti í nágrenni útrásar frárennslis í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur. Slíkar mælingar skulu gerðar samkvæmt vöktunaráætlun sem rekstraraðili leggur fram og Umhverfisstofnun samþykkir. Áætlunin skal vera til afmarkaðs tíma hverju sinni. Vakta skal dreifingu á losun mengunarefna til viðtaka og vistfræðilegar afleiðingar hennar. Meta skal umhverfisástand sjávarbotns, t.d. með myndatökum af botninum. Taka skal mið af bæklingi Umhverfisstofnunar, „Upplýsingar um vöktunaráætlanir fiskeldisstöðva“ og útfæra áætlunina í samræmi við staðbundnar aðstæður. Vöktunaráætlun skal vera tilbúin fyrir útgáfu leyfis.

### 5.2 Kostnaður

Rekstraraðili skal greiða allan kostnað við rannsóknir tengdum vöktunarmælingum og öðrum mælingum sem Umhverfisstofnun leitar eftir skv. starfsleyfi þessu. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og Umhverfisstofnun samþykkir.

## 6. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í 3. eftirlitsflokk í gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar. Starfsemin er flokkuð í lögum nr. 7/1998 í viðauka II, starfsemi B, lið 2. Starfsemin er flokkuð í reglugerð nr. 550/2018 í viðauka IX, lið 2.

Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.



## 7. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir öðlast gildi við afhendingu Matvælastofnunar til rekstraraðila og gildir til 10.01. 2035.

Starfsleyfinu fylgir greinargerð, sjá fylgiskjal II.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Reykjavík, 10. 01. 2019

Umhverfisstofnun



Kristín Linda Árnadóttir  
forstjóri



Hildur Vésteinsdóttir  
sviðsstjóri

## VIÐAUKI 1

### Yfirlit yfir skiladaga:

Í eftirfarandi ákvæðum starfsleyfisins eru ákveðnir skiladagar tilgreindir:

- Grein 4.3: Fyrsta mælingin á frárennsli og viðtaka skal fara fram fyrir 1. maí 2019, næstu mælingu skal lokið fyrir árslok 2019 og síðan skal gera mælingar á a.m.k. þriggja ára fresti.
- Grein 4.4: Taka skal saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert.
- Grein 2.1: Vinna skal að umhverfismarkmiðum fyrir reksturinn og skulu þau liggja fyrir eigi síðar en 1. maí 2019. Markmiðin skulu endurskoðast á 4 ára fresti.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og megintexta starfsleyfisins gildir megintextinn.

## FYLGISKJAL I

### Ákvörðun tiltekinna ákvæða starfsleyfisins og losunarmörk:

- i. Umhverfisstofnun hefur í grein 3.4 sett viðeigandi losunarmörk á fosfór í frárennsli (9,0 kg/tonn af framleiddum fiski). Samkvæmt ákvæðum greinar 7.2 í reglugerð nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns, er slík losun eingöngu heimil ef hún er byggð á heimild í starfsleyfi og að í leyfinu séu sett losunarmörk. Ákvörðun markanna byggist á almennu mati á viðtaka og umfangi starfseminnar.
- ii. Skilyrði um útrásir þar sem fráveituvatni er veitt í viðtaka í grein 3.5 eru samkvæmt ákvæðum fylgiskjals 1A. í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp, greinargerð matsskyldufyrirspurnar rekstraraðila og ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar.
- iii. Mælingar á lífrænu efni í grein 4.3 eru til upplýsinga en ekki til að uppfylla losunarmörk.

## FYLGISKJAL II

### **Greinargerð vegna auglýsingar og vinnslu starfsleyfistillögu fyrir Arctic Smolt hf. Tálknafirði og útgáfu starfsleyfis í framhaldi af auglýsingu.**

#### **Almennt**

Þann 21. mars 2017 barst Umhverfisstofnun starfsleyfisumsókn frá Arctic Smolt hf. til reksturs seiðaeldisstöð í Norður Botni í Tálknafirði með 1000 tonna ársframleiðslu (með 1000 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma). Fyrirtækið hefur nú starfsleyfi fyrir rekstri á 200 tonna seiðaeldisstöð á sama stað og gildir það starfsleyfi til 2020.

Umrædd framkvæmd hafði verið tilkynnt til Skipulagsstofnunar þann 21. október 2016 sem úrskurðaði þann 9. desember 2016 að framkvæmdin væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skyldi því ekki vera háð mati á umhverfisáhrifum.

Þann 29. maí 2017 sendi Umhverfisstofnun umsækjandanum bréf þess efnis að umsóknin væri formlega móttækin en óskað var eftir frekari gögnum. Þann 3. apríl 2018 ítrekaði Umhverfisstofnun ósk sína um upplýsingar svo hægt væri að vinna að gerð starfsleyfistillögu. Þann 1. júní 2018 sendi svo umsækjandi umbeðnar upplýsingar og vinnsla starfsleyfis hófst.

Þann 9. ágúst 2018 var Heilbrigðiseftirliti Vestfjarðar boðið að koma að gerð starfsleyfisins en einnig bent á að tillagan yrði auglýst opinberlega síðar.

Þann 16. ágúst funduðu fulltrúar Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar þar sem starfsleyfistillaga var borin saman við gögn Matvælastofnunar.

Þann 17. ágúst var starfsleyfistillagan ásamt umsóknargögnum og niðurstöðu matskylduákvörðunar Skipulagsstofnunar auglýst opinberlega á vefsíðum Umhverfisstofnunar og Tálknafjarðarhrepps.

#### **Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma vegna starfsleyfistillögu og viðbrögð Umhverfisstofnunar**

Umhverfisstofnun barst ein umsögn um starfsleyfistillöguna á auglýsingatíma. Hún kom frá Óttari Yngvasyni fyrir hönd Náttúruverndarsamtaka Íslands, Náttúruverndarfélagssins Laxinn lifir, Akurholts ehf. og Geiteyrar ehf., veiðiréttareigenda í Haffjarðará í Hnappadal, Ara P. Wendel, eigenda veiðiréttinda Fífustaðadal í Arnarfirði, Víðis Hólm Guðbjartssonar, eigenda veiðiréttinda í Bakkadal í Arnarfirði, Atla Árdal Ólafssonar, eigenda veiðiréttar í Hvanndalsá, Langadalsá og Þverá í innanverðu Ísafjarðardjúpi, Varplands ehf., eigenda hluta veiðiréttar í Langadalsá og Hvannadalsá í innanverðu Ísafjarðardjúpi og veiðifélags Laxár á Ásum.

Umsagnaraðili krefst þess að útgáfu starfsleyfis verði hafnað á grundvelli sjö tölusettra athugasemda. Verður farið yfir athugasemdirnar og þeim svarað eins og við á.

- 1. Umsagnaraðili gerir athugasemd við að í 7. tl. tillögunnar segi að starfsleyfinu fylgi greinargerð en greinargerðin sé ekki meðfylgjandi.**

Í gr. 7 í auglýstri starfsleyfistillögu segir að starfsleyfinu fylgi greinargerð. Er það í samræmi við 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, en þar segir: „Starfsleyfi skal fylgja greinargerð þar sem farið er yfir málsmeðferðina, tekin afstaða til niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum ef við á og gerð grein fyrir afstöðu útgefanda starfsleyfis til athugasemda sem bárust.“

Á þessum tímapunkti var um að ræða auglýsingu á starfsleyfistillögu en ekki útgáfu starfsleyfis. Greinargerð sem fylgja á útgefnu starfsleyfi er ekki rituð áður en athugasemdafrestur er runninn út þar sem afstaða útgefenda starfsleyfis til athugasemda er einn þáttur greinargerðar. Reynt er að hafa auglýsta tillögu sem líkasta endanlegu starfsleyfi var því þessi klausa höfð í gr. 7. Einnig er kærueimild tiltekin þótt hún verði ekki virk fyrir en við útgáfu.

- 2. Umsagnaraðili telur að Umhverfisstofnun geri sér ekki grein fyrir því að meðferð stofnunarinnar á leyfisumsókn sé hluti af umhverfismatsferli og þurfi að fylgja lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Því hafi Umhverfisstofnun þurft að taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar sbr. 2. mgr. 13. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.**

Umsagnaraðili vísar í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 106/2000 sem fjallar um útgáfu leyfa til framkvæmdar samkvæmt flokki A. Umrædd framkvæmd fellur aftur á móti í B flokk samkvæmt 1. viðauka sömu laga. Um útgáfu leyfa til framkvæmda er falla í B og C flokk er fjallað í 3. mgr. 13. gr. laga nr. 106/2000 og þar segir: „Við útgáfu leyfis til framkvæmdar sem fellur í flokk B og flokk C þar sem liggur fyrir ákvörðun um að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum skal leyfisveitandi kynna sé tilkynningu framkvæmdaraðila og ákvörðunina um matsskyldu og kanna hvort framkvæmdin sé í samræmi við tilkynnta framkvæmd.“ Skipulagsstofnun ákvað þann 9. desember 2016 að framkvæmdin skyldi ekki vera háð mati á umhverfisáhrifum. Ákvörðun Skipulagsstofnunar ásamt tilkynningu framkvæmdaraðila voru skoðuð við yfirferð gagna við vinnslu starfsleyfisins og sannreynt að starfsleyfisumsókn og svo tillaga að starfsleyfi er í samræmi við bæði tilkynninguna og ákvörðunina.

- 3. Umsagnaraðili telur að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og valdi það ógildingu starfsleyfis, ef út verði gefið, hafi ekki farið fram mat á umhverfisáhrifum.**

Eins og fram kom í svari við síðustu athugasemd þá var umrædd framkvæmd tilkynnt til Skipulagsstofnunar í samræmi við lög nr. 106/2000 sem ákvað þann 9. desember 2016 að fenginni umsögn frá Tálknafjarðarhreppi, Fiskistofnu, Hafrannsóknarstofnun, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, Matvælastofnun, Minjastofnun, Samgöngustofu og Umhverfisstofnun að umrædd framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og hafi því ekki verið þörf á að mat á umhverfisáhrifum fari fram. Ákvörðun Skipulagsstofnunar er kæránleg stjórnsýsluákvörðun. Ákvörðunin var ekki kærð og því stendur ákvörðun Skipulagsstofnunar.

- 4. Telur umsagnaraðili að sjálfstæðum rannsóknum Umhverfisstofnunar hafi verið ábótavant og ítarlegri rökstuddri niðurstöðu um framkvæmdina. Til stuðnings álits síns um að meðferð málsins hjá Umhverfisstofnun sé ábótavant vísar umsagnaraðili til þess að greinargerð fylgi ekki með tillögunni. Einnig er bent á að sjúkdómavandamál sé í umræddri fiskeldisstöð.**

Vísað er til svars við fyrstu athugasemd hér að ofan varðandi greinargerð með starfsleyfinu. Að öðru leiti er vísað til fyrsta kafla greinargerðar þessarar varðandi feril málsins hjá Umhverfisstofnun. Hvað fiskjúkdóma varðar bendir Umhverfisstofnun á að skv. 13. gr. reglugerðar 1170/2015 um fiskeldi á Matvælastofnun að meta hvort umsækjandi um rekstrarleyfi uppfylli kröfur sem gerðar eru í reglugerð um heilbrigðiskröfur vegna lagareldisdýra og afurða þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum. Einnig segir: „Við meðferð umsóknar um rekstrarleyfi til fiskeldis skal Matvælastofnun leggja mat á sjúkdómstengda og vistfræðilega þætti sem kunna að fylgja starfsemi fiskeldisstöðvar.“ Því er það ekki á valdsviði

Umhverfisstofnunar að fjalla um sjúkdómastengda þætti framkvæmdarinnar heldur Matvælastofnunar.

**5. Fjarlægð frá veiðiám. Rætt er um að hætta sé á að fiskur sleppi frá stöðinni, t.d. við dælingu í brunnbáta.**

Ekki ljóst í hverju umrædd athugasemd felst en í gr. 4.2 í reglugerð nr. 105/2000 um flutning og sleppingar laxfiska og varnir gegn fisksjúkdómum og löndun laxastofna segir: „Við leyfisveitingar fyrir hafbeitar- og sjókvíastöðvar skal miða við, að þær séu ekki nær laxveiðiám með yfir 100 laxa meðalveiði s.l. 10 ár en 5 km. Sé um að ræða ár með yfir 500 laxa meðalveiði skal fjarlægðin vera 15 km, nema notaðir séu stofnar af nærliggjandi vatnasvæði eða geldstofnar, má þá stytta fjarlægðina niður í 5 km.“

Umrædd fiskeldisstöð er hvorki hafbeitar- né sjókvíastöð og gilda umrædd fjarlægðamörk frá veiðiám ekki við leyfisveitingu. Aukinheldur er reglugerð nr. 105/2000 gefin út af landbúnaðarráðherra og á við um leyfisveitingu Matvælastofnunar um rekstrarleyfi.

**6. Segir umsagnaraðili að lítið sé fjallað um magn úrgangs og vísar til norskrar heimildar um úrgang í sjó frá 1.000 tonna laxeldi sé sambærilegt við skólp frá 16.000 manna byggð. Einnig vitnar umsagnaraðili í matskylduákvörðun Skipulagsstofnunar frá 9. desember 2016 þar sem sagt væri að fyrirhugaður búnaður væri líklegur til að draga umtalsvert úr hættu á að seiði sleppi frá stöðinni umfram núverandi búnað. Einnig er gerð athugasemd við að heimil losun á fosfórs sé ekki nema 9 kg fyrir hvert framleitt tonn sem sé ekki nema helmingur þess er komi frá laxeldi.**

Hér eru í raun þrjár athugasemdir og verður þeim svarað hverri fyrir sig.

Í fyrsta lagi segir umsagnaraðili að lítið sé fjallað um losun á úrgangi í hafið. Bendir Umhverfisstofnun á að í starfsleyfistillögunni er rætt um losun úrgangs í greinum 3.4, 3.5, 3.6 og 3.7 en stofnunin fellur á að skýra mætti kröfur um hreinsun frárennslis er fram koma í grein 3.5. Umhverfisstofnun hefur því ákveðið að gera breytingu frá auglýstri starfsleyfistillögu sbr. athugasemdina varðandi hreinsun á frárennslis frá stöðinni og gera kröfur í grein 3.5 starfsleyfinu skýrari hvað það varðar.

Í niðurstöðu matskylduákvörðunar Skipulagsstofnunar segir að fyrirhuguð stækkun seiðastöðvar í Norður-Botni sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum.

Í öðru lagi vísar umsagnaraðili til orðalags í matskylduákvörðun Skipulagsstofnunar og vill meina að orðalag Skipulagsstofnunar gefi í skyn að vafi sé á virkni fyrirhugaðs hreinsibúnaðar. Umhverfisstofnun deilir ekki þeim skilningi á orðalaginu.

Í þriðja lagi gerir umsagnaraðili athugasemd við að heimild til losunar á fosfór sé ekki nema 9 kg á hvert framleitt tonn af laxi þar sem það sé ekki nema helmingur þess sem talið sé að komi frá laxeldi. Umhverfisstofnun byggir ákvörðun sína um losun fosfórs á almennu mati á viðtaka, umfangi starfsemi og hefur losunarmörk í sambærilegum starfsleyfum til hliðsjónar. Um er að ræða kröfu í starfsleyfi sem rekstraraðila ber að fylgja. Umhverfisstofnun deilir ekki þeirri skoðun umsagnaraðila að þessi krafa sé óraunhæf.

**7. Umsagnaraðili, sem nefnir sig hér „kæranda“, telur að Umhverfisstofnun sinni ekki skildu sinni að meta sjálfstætt öll áhrif framkvæmdarinnar á náttúruna.**

Þær meginreglur sem skrifaðar hafa verið I.-II. kafla náttúruverndarlaga hafa að geyma leiðarljós sem stjórnvöldum ber að taka almennt mið af við setningu stjórnvaldsfyrirmæla og töku ákvarðana. Að baki eru einnig óskrifaðar meginreglur umhverfisréttar. Því eru meginreglurnar bæði leiðarljós þegar skrifaðar eru reglur og þegar teknar eru ákvarðanir sem byggja á reglum. Meginreglurnar eru því vegnar inn í það ferli sem fylgir leyfisveitingum stofnunarinnar og byggja á lögum og reglugerðum, m.a. um mat á umhverfisáhrifum og ferli sem varða starfsleyfi fyrir mengandi atvinnurekstur. Stofnunin árettar að framkvæmdin fór ekki í mat á umhverfisáhrifum skv. ákvörðun Skipulagsstofnunar sem var kæránleg ákvörðun og var ekki kært. Stofnunin vinnur skv. vottuðu gæðakerfi sem ætlað er að tryggja fagleg vinnubrögð og við gerð ferla eru meginreglur umhverfisréttar hafðar til hliðsjónar.

**8. Umsagnaraðili telur að Umhverfisstofnun hafi ekki sýnt fram á hvernig umrædd framkvæmd samræmist 1 gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi þar sem hagsmunir veiðiréttarhafa eigi að ganga fyrir hagsmunum fiskeldis þegar þeir fara ekki saman.**

Umhverfisstofnun bendir á að lög nr. 71/2008 mæla fyrir um útgáfu rekstrarleyfa og stjórnsýslu Matvælastofnunar. Segir í 4. gr. a. að Matvælastofnun skal framsenda umsókn um starfsleyfi fyrir eldi ferskvatns- og sjávarlífvera til Umhverfisstofnunar til meðferðar samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þegar Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi skal það sent Matvælastofnun. Ef umsóknir eru samþykktar skulu starfsleyfi og rekstrarleyfi afhent umsækjanda samtímis. Umhverfisstofnun gefur því út starfsleyfi á grundvelli laga nr. 7/1998. Markmiðsákvæði þeirra laga eru m.a. að koma í veg fyrir eða að draga úr losun út í andrúmsloft, vatn og jarðveg og koma í veg fyrir myndun úrgangs í því skyni að vernda umhverfið. Umhverfisstofnun telur að við vinnslu starfsleyfis hafi verið gætt að markmiðum laganna sem ekki verður séð að farið hafi verið gegn markmiðsákvæðum laga nr. 71/2008. Unnið er að markmiðum beggja laga með málsmeðferð hjá Umhverfisstofnun og Matvælastofnun og þarf rekstraraðili að hafa fengið útgefin tvö mismunandi leyfi frá Umhverfisstofnun annars vegar og Matvælastofnun hins vegar til að geta hafið starfsemi, sem er einnig háð málsmeðferð skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum sem kemur inn á málsmeðferð beggja leyfisveitenda.

**9. Eignarréttur annara**

Lög gera ekki ráð fyrir því að Umhverfisstofnun geri við gerð starfsleyfis ráðstafanir varðandi slíka einkaréttarlega hagsmuni eins og t.a.m. áhrif starfsemi á verð á veiðiréttindum jarðeigenda og nýtingu hlunninda. Viðfangsefni starfsleyfa fyrir mengandi starfsemi er einkum að fjalla um mögulega mengun frá atvinnurekstri, setja losunarmörk vegna mengunar og verklagsreglur í samræmi við viðkomandi lög og reglugerðir og draga með því úr áhrifum þeirrar mengunar sem óhjákvæmilega verður vegna mengandi atvinnustarfsemi, með það að markmiði að tryggja mengunarvarnir með sjálfbærni að leiðarljósi.

Í athugasemd er talað um að ekki hafi verið rannsakað og lagt mat á hættu á umhverfistjóni. Að mati stofnunarinnar hlýtur hér að vera um að ræða misskilning á efnisatriðum laga nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð. Lögin mæla ekki fyrir um að fram skuli fara sérstakt mat á tjóni eða yfirvofandi hættu á tjóni við undirbúning starfsleyfa. Umhverfisáhætta heilt yfir er innbyggð í ferli um mat á umhverfisáhrifum og vinnslu starfsleyfis. Á þeim grunni eru sett í starfsleyfi bindandi ákvæði sem byggja á bestu aðgengilegu tækni til að draga úr áhættu fyrir umhverfið, og er svo fylgt eftir með mengunarvarnareftirliti. Um ábyrgð rekstraraðila vegna laga nr. 55/2012, um

umhverfisábyrgð, er fjallað um í gr. 1.9 í starfsleyfistillögu rekstraraðila. Efnisákvæði laganna ná til þess að þegar og ef stofnunin fær vísbendingar eða tilkynningar um tjón, hættu á tjóni eða að tjón sé yfirvofandi hjá starfandi rekstraraðila þá er farið í athugun á því og virkjað ákveðið ferli um það. Þá hefst málsmeðferð laganna.

**10. Í síðasta tölulíðnum gerir umsagnaraðili sex aðgreindar athugasemdir við starfsleyfið.**

- a. Umsagnaraðili heldur því fram að reglugerð nr. 798/1999 sem vísað er til sé fallinn úr gildi.**

Þetta er ekki rétt, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp er enn í gildi þrátt fyrir að vinna við endurskoðun hennar sé í gangi.

- b. Umsagnaraðili bendir á að ekkert sé fjallað um strokfisk eða hættu af erfðamengun.**

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 3. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 1170/2015, um fiskeldi, á í rekstrarleyfi, gefnu út af Matvælastofnun, vera ákvæði um varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings og ákvæði um viðbragðsáætlun til að endurheimta fisk sem sleppur. Því er það ekki á valdsviði Umhverfisstofnunar að setja ákvæði um varnir gegn sleppingum seiða úr stöðinni heldur Matvælastofnunar.

- c. Umsagnaraðili bendir á að ekkert sé fjallað um náttúruvá svo sem jarðskjálfta.**

Í matskylduákvörðun kemur fram að framkvæmdin sé háð framkvæmdaleyfi og byggingaleyfi Tálknafjarðarhrepps, myndi slík vá svo sem vegna jarðskjálfta koma til skoðunar við veitingu þeirra leyfa þar að auki er ekki umfjöllun um slíka vá í matskylduákvörðuninni. Um náttúruvá er aftur á móti fjallað í greinargerð með deiliskipulagi fyrir Norður-Botn er samþykkt var 2014. Þar kom fram að leitað hafi verið til Veðurstofu Íslands um mat á ofanflóðahættumati og var það niðurstaða Veðurstofunnar að ekki væri þörf á formlegu ofanflóðahættumati. Hætta á sjávarflóðum var einnig metin lítil.

- d. Umsagnaraðili bendir á að ekki sé gerð grein fyrir hvernig eigi að flytja seiði úr eldisstöðinni í brunnbát.**

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 3. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 1170/2015, um fiskeldi, á í rekstrarleyfi, gefnu út af Matvælastofnun, vera ákvæði um varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings og ákvæði um viðbragðsáætlun til að endurheimta fisk sem sleppur. Því er það ekki á valdsviði Umhverfisstofnunar að setja ákvæði um varnir gegn sleppingum seiða úr stöðinni heldur Matvælastofnunar.

- e. Umsagnaraðili segir að ekkert komi fram í tillögunni um að leyfisveitandi hafi sinnt tilmælum Skipulagsstofnunar í ákvörðun um matskyldu að leyfi til reksturs verði ekki gefið út fyrr en sýnt hafi verið fram á virkni hreinsibúnaðar og fyrir liggja áætlun um reglubundna vöktun búnaðarins m.t.t. frárennslis og hættu á slysasleppingum.**

Stofnunin fellur á að skýra mætti kröfur um hreinsun frárennslis er fram koma í grein 3.5. Umhverfisstofnun hefur því ákveðið að gera breytingu frá auglýstri starfsleyfistillögu varðandi hreinsun á frárennslis frá stöðinni og gera kröfur í grein 3.5 starfsleyfinu skýrari hvað það varðar ásamt ábyrgð varðandi virkni hreinsibúnaðar.

Fyrir liggur vöktunaráætlun fyrir viðtaka og í gæðahandbók fyrirtækisins er áætlun um reglubundna vöktun hreinsibúnaðar.

- f. Umsagnaraðili gerir aftur athugasemd við að greinargerð fylgi ekki starfsleyfinu þrátt fyrir að í gr. 7 standi að hún fylgi.**

Umhverfisstofnun vísar til svars við athugasemd 1.

## Breytingar á starfsleyfi eftir auglýsingu

### 3.5 Losun og frágangur við útrás frárennslis

Ákvæði greinar 3.5 var uppfært til að endurspegla betur matskyldufyrirspurn fyrirtækisins og matskylduákvörðun Skipulagsstofnunar.

### Aðrar leyfisveitingar Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun vekur athygli á að sækja ber um innflutningsleyfi til Umhverfisstofnunar, skv. 63. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, ef starfsemin krefst þess að flytja þurfi inn lífverur til landsins sem falla undir skilgreiningu náttúruverndarlaga um framandi lífverur sbr. gr. 1.1. Umhverfisstofnun tekur fram að starfsleyfi fyrir eldinu og innflutningsleyfi fyrir framandi lífverur eru tvö aðskilin leyfi.

### Gildistaka

Stofnunin hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu starfsleyfis fyrir Arctic Smolt hf. til að framleiða árlega allt að 1000 tonn af laxa og regnbogasilungsseiðum.

Starfsleyfið byggist á skilyrðum á grundvelli reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirliti, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998.

Starfsleyfið öðlast gildi við afhendingu Matvælastofnunar til rekstraraðila og gildir til 10. janúar 2035. Umhverfisstofnun sendir Matvælastofnun starfsleyfið eftir ákvörðun um útgáfu sbr. 4 gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi og skal afhent og birt umsækjanda.